

D ó m s o r ð:

Ákærði, Erlingur Hjálmarsson, sæti 30 daga varðhaldi, en fullnustu varðhaldsrefsingar skal frestað og hún niður falla að 3 árum liðnum frá 18. nóvember 1983 að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. desember 1984.

Nr. 84/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Gunnsteini Jónssyni

(Svala Thorlacius hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds til þyngingar með stefnu 12. mars 1984, en ákærði vildi hlíta héraðsdómi. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 9. júlí sl.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm að öðru leyti en því, að refsing ákærða ákveðst 45 daga varðhald óskilorðsbundið.

Ákærða ber að dæma til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnsteinn Jónsson, sæti varðhaldi 45 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttinda og um sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun

skípaðs verjanda síns, Svölu Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 21. nóvember 1983.

Mál þetta, sem þingfest var hinn 10. júní sl. og dómtekið er í dag, er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 4. febrúar 1983, höfðað á hendur Gunnsteini Jónssyni, Hlíðarvegi 34, Ísafirði, fæddum 20. ágúst 1961 „fyrir að aka, aðfaranótt laugardagsins 16. október 1982, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni Í-1231 frá Hlíðarvegi 34 á Ísafirði og um götur kaupstaðarins, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans í Hafnarstræti.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Aðfaranótt laugardagsins 16. október 1982 stöðvaði lögreglan á Ísafirði bifreiðina Í-1231 í Hafnarstræti. Ökumaður reyndist vera ákærði í máli þessu. Hjá lögreglumönnum vaknaði grunur um, að hann væri ölvaður, og var hann færður á lögreglustöðina. Þar gaf ákærði skýrslu fyrir varðstjóra kl. 05:42. Ákærði viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni Í-1231. Hann kvaðst hafa drukkið eina flösku af íslensku brennivíni á dansleik í Sjálfstæðishúsinu fyrr um kvöldið, en kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Að lokinni skýrslutöku kl. 05:53 tók læknir úr ákærða blóðsýni til alkóhólranssóknar. Blóðsýnið var merkt ÍS-66-82. Samkvæmt vottorði frá Rannsóknastofu í lyfjafræði, dags. 2. nóvember 1982, reyndist magn alkóhóls í blóðsýni þannig merktu vera 1.55%.

Ákærði bar á sama veg fyrir rannsóknarlögreglunni á Ísafirði (sic) þann 1. desember 1982, nema hvað hann viðurkenndi þar að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Ákærði staðfesti framburð sinn hjá rannsóknarlögreglu fyrir sakadómi Ísafjarðar þann 10. júní 1983, er honum var birt ákæran í máli þessu. Ákærði kannaðist við, að ákæran varðaði sig, þrátt fyrir að hann gerði athugasemd um, að húsnúmer væri rangt greint í ákæru, og kvað háttsemi sinni þar rétt lýst. Gögn málsins voru þá og borin undir ákærða, og kvaðst hann ekkert hafa við þau að athuga.

Niðurstaða.

Með játningu ákærða, skýrslum lögreglunnar og niðurstöðu alkóhól-ákvörðunar þykir fram komin full sönnun fyrir því, að ákærði hafi gerst

sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er rétt færð til refsíákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dags. 20.10. 1982, staðfestu 16.11. 1983, hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1977 á Ísafirði: Uppvís að broti gegn 244. gr. hgl. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 17/3 1977.
- 1977 á Ísafirði: Uppvís að broti gegn 244. gr. hgl. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 1/3 1977.
- 1981 9/5 á Ísafirði: Sátt, 1000.- kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 9/5 1981.
- 1981 12/5 á Ísafirði: Dómur: 3.500.- kr. sekt og 30 daga varðhald, skilorðsbundið í 2 ár frá 15/6 1981, fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. hgl., 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá 9/8 1981.

Dómurinn frá 12/5 1981 hefur samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað um.

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Með broti því, sem hér er ákært fyrir, hefur ákærði rofið skilorð dómsins frá 12/5 1981. Ber því samkvæmt ákv. 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að ákveða ákærða refsingu í einu lagi fyrir brot þau, sem dómurinn frá 12/5 1981 fjallar um, og þau, sem ákærði er dæmdur fyrir í máli þessu. Ber að tiltaka refsinguna samkvæmt 1. mgr. 77. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, og þykir hún hæfilega ákveðin 40 daga varðhald.

Þykir eftir atvikum rétt að láta ákærða njóta ákvæða 57. gr. a (sic), alm. hgl. nr. 19/1940 og skilorðsbinda refsingu ákærða þannig, að fresta skuli fullnustu varðhaldsrefsingar ákærða og hún falli niður að 3 árum liðnum frá 21. nóvember 1983, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hgl..

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, þ.m.t. ákvæði um ítrekunaráhrif, ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt, og gildir sviptingin frá 01.12. 1982, er ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, samanber 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnsteinn Jónsson, sæti varðhaldi í 40 daga, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður að 3 árum liðnum frá

21. nóvember 1983 að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði skal sæta sviptingu ökuréttinda ævilangt frá 1. desember 1982 að telja.

Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. desember 1984.

Nr. 137/1982. **Ögurvík h/f**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

Ólafi Bjarnfreðssyni

(Hjörtur Torfason hrl.)

Vinnusamningur. Sjómannalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Einar Ingimundarson, sýslumaður og bæjarfógeti.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. júní 1982. Dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að stafesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 11.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ögurvík h/f, greiði stefnda, Ólafi Bjarnfreðssyni,